



155. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 16. október kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ragnar Bjarnason.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 1. lið; Endurnýjun á rekstrarleyfi – Árbót og aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Árbót
2. Hluthafafundur Norðurorku hf.
3. Starfshættir í sveitarstjórn
4. Íbúafundur
5. Verkefnistillaga frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

1. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Árbót

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 15. október s.l. þar sem Hákon Gunnarsson f.h. Bragabótar ehf. sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar í Árbót í Aðaldal.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.

2. Hluthafafundur Norðurorku hf.

Lagt fram fundarboð á hluthafafund í Norðurorku hf. sem haldinn verður þann 20. október n.k. á Akureyri.

Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

3. Starfshættir í sveitarstjórn

Starfshættir í sveitarstjórn teknir til umræðu.

Það er vilji allra sveitarstjórnarmanna að samstarfið í sveitarstjórn sé gott þannig að sem bestur árangur náist fyrir samfélagið í heild sinni. Lykill að því er traust og samstarf manna í millum sem sveitarstjórn er einhuga um að stefna að. Það er sýn sveitarstjórnar að stjórnarsýslan eigi að vera eins opin og gegnsæ og kostur er og það sé hlutarverk sveitarstjórnar að upplýsa íbúa um málefni sem fyrir liggja hverju sinni.

4. Íbúafundur

Á fundi sveitarstjórnar þann 3. júlí s.l. samþykkti sveitarstjórn að ganga til samninga við HLH ehf. um rekstur og framtíðarskipulag Þingeyjarskóla, Ráðbarð sf. um viðhalds- og rýmisþörf Þingeyjarskóla og við Skólastofuna slf. um skólaskipan Þingeyjarskóla. Vinna fyrrgreindra aðila er á lokastigi og stefnt er að skýrslur þeirra verði kynntar íbúum á íbúafundi.

Samþykkt að halda íbúafund vegna skólamála Þingeyjarskóla í Ýdölum þriðjudaginn 28. október kl. 20:30 þar sem skýrsluhöfundar munu m.a. gera grein fyrir skýrslunum, vinnu og niðurstöðum. Sveitarstjóra falið að sjá um skipulagningu fundarins.

5. Verkefnistillaga frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Tekin til umræðu verkefnistillaga frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vegna skoðanakönnunar í sveitarfélaginu um skólamál og ljósleiðaravæðingu. Áætlað er að könnunin verði unnin um miðjan nóvember. Kostnaður við framkvæmdina verður kr. 700 þús.

T-listi lagði fram tillögu um að málinu yrði frestað og vísað að til Atvinnumálanefndar og Fræðslunefndar sem og frekari umræðu í sveitarstjórn.

A-listi lagði fram tillögu um að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands á grundvelli verkefnistillögunnar og samþykkir kr. 700 þús. sem viðauka við fjárhagsáætlun 2014 sem mætt verður með handbæru fé.

Oddviti bar tillögurnar upp til atkvæðagreiðslu.

Tillaga T-lista felld með fimm atkvæðum gegn tveimur.

Tillaga A-lista samþykkt með fimm atkvæðum gegn tveimur.

T- listinn lagði fram eftirfarandi bókun:

„Við fulltrúar T- lista teljum málið ekki nægilega rætt í sveitarstjórn og að gengið sé fram hjá fagnefndum sveitarfélagsins í þessu máli og greiðum þess vegna atkvæði gegn tillögu A- lista um afgreiðslu málsins.“

Lagt fram til kynningar:

- a) Fundargerð 819. og 820. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- b) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 29.09.2014
- c) Ályktun frá Skógræktarfélagi Íslands
- d) Ályktun frá Félagi tónlistarskólakennara

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:25

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Heiða Guðmundsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Ragnar Bjarnason